

FUNDARBOÐ

6. fundur Bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 24. nóvember 2022 og hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2211007F - Bæjarráð Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar - 5**
Lögð fram fundargerð 5. fundar bæjarráðs.
- 2. 2211003F - Skóla- og fræðslunefnd - 3**
Lögð fram fundargerð 3. fundar skóla- og fræðslunefndar.
- 3. 2211004F - Safna- og menningarmálanefnd - 1**
Lögð fram fundargerð 1. fundar safna- og menningarmálanefndar.
- 4. 2211002F - Atvinnu- og nýsköpunarnefnd (SH) - 2**
Lögð fram fundargerð 2. fundar atvinnu- og nýsköpunarnefndar.
- 5. 2211001F - Skipulagsnefnd - 4**
Lögð fram fundargerð 4. fundar skipulagsnefndar.

Erindi til kynningar

- 6. 2112008 - Fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga**
Lögð fram 914. fundargerð sjónar Sambands íslenska sveitarfélaga.
- 7. 2005070 - Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar**
Lagðar fram fundargerðir 206. fundar Breiðafjarðarnefndar, haldinn 23. ágúst 2022, og 207. fundar Breiðafjarðarnefndar, haldinn 20. september 2022.
- 8. 2211004 - Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar 2021**
Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar fyrir árið 2021 lögð fram.
- 9. 2106024 - Fundargerðir stjórnar Náttúrustofu Vesturlands**
Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnarfundar Náttúrustofu Vesturlands sem fram fóru föstudagana 16. september sl. og 28. október sl.

10. 2211007 - Ályktanir Haustþings SSV

Ályktanir Haustþings Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi 2022 lagðar fram til kynningar ásamt umsögn um frumvarp til fjárlaga 2023.

11. 2210020 - Ágóðahlutagreiðsla 2022

Lagt fram erindi frá Brunabótafélagi Íslands þar sem fram kemur að á síðasta aðalfundi fulltrúaráðs EBÍ hafi verið samþykkt að áfram muni hluti hagnaðar af starfsemi félagsins vera greiddur út til aðildarsveitarfélaganna í formi ágóðahlutar.

12. 2211016 - Skýrsla verkefnisstjórnar um starfsaðstæður kjörinna sveitarstjórnarfulltrúa

Lögð fram drög að skýrslu verkefnisstjórnar um starfsaðstæður kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn. Skýrslan skiptist í þrjú þætti. Í fyrsta lagi er fjallað um álag, vinnufyrirkomulag og kjör kjörinna fulltrúa. Í öðru lagi er fjallað um beinan stuðning við kjörna fulltrúa og fræðslu þeirra. Í þriðja og síðasta lagi er fjallað um upplýsingamiðlun, þátttöku/íbúalýðræði og uppbyggileg samskipti.

13. 2211030 - Almenningsamgöngur og skólaakstur á Snæfellsnesi

Lögð fram greining VSÓ um almenningsamgöngur og skólaakstur á Snæfellsnesi.

14. 2211010 - Áform um breytingu á lögum menningarminjar - aldursfriðun mannvirkja

Lagt fram frumvarp um breytingu á lögum um menningarminjar (aldursfriðun mannvirkja), mál nr. 141/2022 og nr. S-171/2022, þar sem lagt er til að endurskoðað verði aldursfriðunarákvæði fornleifa í lögum um menningarminjar nr. 80/2012, svokölluð 100 ára regla, sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda í ágúst 2022 ásamt umsögnum sambandsins, dags. 15. ágúst 2022 og 6. október 2022, og Minjastofnunar Íslands, dags. 22. ágúst 2022, til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um frumvarpið.

15. 2206032 - Kæra til Ú.U.A. vegna Víkugötu 5

Lagður er fram til kynningar úrskurður ÚUA vegna deiliskipulags miðbæjar Stykkishólms - reits austan Aðalgötu.

Lóðarhafi Víkurgötu 5 kærði þá ákvörðun bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar frá 9. desember 2021 að samþykkja deiliskipulag miðbæjar Stykkishólms - reitur austan Aðalgötu. Hann krafðist þess að ákvörðunin yrði felld úr gildi en ella að sá hluti deiliskipulagsins sem lúti að tilfærslu á mörkum lóðanna Víkurgötu 3 og 5 yrði felldur úr gildi.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafnaði kröfu kæranda um ógildingu ákvörðunar bæjarstjórnar Stykkishólms frá 9. desember 2021.

16. 2204018 - Nesvegur 22A - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Lagður er fram til kynningar úrskurður ÚUA vegna byggingarleyfis fyrir Nesveg 22a, dags. 28.10.2022.

Lóðarhafar Nestúns 4, ásamt 11 öðrum íbúum við götuna, kærðu þá ákvörðun bæjarráðs Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar frá 18. ágúst 2022 að samþykkja umsókn um byggingarleyfi fyrir atvinnuhúsnæði á lóðinni Nesvegi 22A. Kröfðust kærendur ógildingar hinnar kærðu ákvörðunar og stöðvunar framkvæmda til bráðabirgða á meðan málið er væri meðferðar hjá úrskurðarnefndinni.

Úrskurðarnefndin telur að umrædd bygging sé ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag og að deiliskipuleggja hefði þurft svæðið áður en byggingarleyfið var gefið út. Byggir niðurstaðan á því að í aðalskipulaginu sé gert ráð fyrir deiliskipulagningu núverandi hafnar- og athafnasvæða og á því að á engan hátt sé fjallað um hinu umdeildu byggingaráform í aðalskipulaginu.

17. 2211029 - Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna

Lögð fram gögn og upplýsingar er varðar innleiðingu á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

18. 2211033 - Ósk um tilnefningar í vatnasvæðanefndir

Lögð fram ósk Umhverfisstofnunar um tilnefningar í vatnasvæðanefndir með tilvísan í 6. gr. reglugerðar um stjórn vatnamála. Tilnefningar óskast eigi síðar en 21. nóvember n.k.

Bæjarráð tilefndi, á 5. fundi sínum, Jakob Björgvin S. Jakobsson, bærarstjóra, sem aðalmann, og Steinunni Magnúsdóttur, sem varamann.

Afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar.

19. 2211024 - Innleiðing hringrásarhagkerfis

Umfangsmiklar lagabreytingar voru samþykktar á Alþingi í júní 2021 um flokkun og endurvinnslu, hollustuhætti, mengunarvarnir, úrvinnslugjald og fleira. Þessar breytingar koma flestar til framkvæmda 1. janúar 2023 og er ætlað að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis svo stuðla megi að sjálfbærri auðlindanotkun og draga úr myndun úrgangs.

Forsvarsmenn Íslenska gámafélagsins komu til fundar við bæjarráð á 5. fundi ráðsins og kynntu þær breytingar sem fyrir höndum eru ásamt væntanlegum þjónustubreytingum o.fl. hjá sveitarfélaginu vegna þessa.

Bæjarráð samþykkti að boðað verði til íbúafundar og kynntar breytingar á flokkun og endurvinnslu úrgangs. Í framhaldi af íbúafundi verði gerð skoðannakönnun hjá íbúum hvort þeir vilji fjórðu tunnuna fyrir plast eða tvískipta tunnu þar sem pappi/pappír og plast væru í tvískiptu tunnunni. Settar verða 2-3 grenndarstöðvar í sveitarfélaginu fyrir textil, málma og gler. Jafnfræmt fól bæjarráð bærarstjóra að ganga til samninga um að framlengja samning við Íslenska Gámafélagið um 6 mánuði.

Afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar.

20. 2006017 - Fundargerðir Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Lögð fram fundargerð 178. fundar heilbrigðisnefndar Vesturlands. Sveitarstjórnir þurfa að samþykkja fjárhagsáætlun skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

en gjaldskrá er gefin út af heilbrigðisnefnd.

Bæjarráð samþykkti á 5. fundi sínum, fyrirbyggjandi fjárhagsramma sem fram kemur í fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

Afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar.

21. 2211002 - Skólastarf leikskólans um jólin 2022

Lögð fram drög skólastjórnenda að bréfi til foreldra varðandi afslátt af gjöldum milli jóla og nýárs og þrjá daga fyrir jólin.

Bæjarráð samþykkti, á 5. fundi sínum, fyrirkomulag opunar skólans fyrir jól og milli jóla og nýárs í samræmi við erindi skólastjóra.

Afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar.

22. 2211003 - Þjóðhátíðarnefnd

Kjör í Þjóðhátíðarnefnd vegna hátíðarhalda 17. júní 2023. Bæjarráð vísaði kjöri í Þjóðhátíðarnefnd til bæjarstjórnarfundar.

23. 2211021 - Umsögn vegna nýs lyfjasöluleyfis

Lagt fram bréf þar sem Lyfjastofnun óskar eftir umsögn Stykkishólmsbæjar um umsókn um nýtt lyfjásöluleyfi.

Bæjarráð gerði, á 5. fundi sínum, ekki athugasemdir við veitingu nýs lyfjásöluleyfi fyrir Lyfju í Stykkishólmi.

Afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar.

24. 2211022 - Víkurgata 7 - lóðaleigusamningur

Lagður fram til samþykktar lóðaleigusamningur við lóðarhafa Víkurgötu 7 bæjarráð samþykkti, á 5. fundi sínum, fyrirbyggjandi lóðarleigusamning.

25. 2211028 - Bætt umferðaröryggi við gangbrautir í Stykkishólmi - Gangbrautarlýsing og blikkljósakerfi

Á 5. fundi bæjarráðs gerði bæjarstjóri grein fyrir hugmyndunum sem unnið hefur verið að er varðar bætt umferðaröryggi gangbrauta í Stykkishólmi og lagði fram kostnaðarmat og tillögu að lýsingu og skiltum við Grunnskólann í Stykkishólmi sem fyrsta skref í þeirri uppbyggingu, en lausnin felur í sér uppsetningu blikkljósa og tveggja ljósastaura sem veita eigi mesta birtu á þeirri hlið óvarins vegfaranda sem snýr að umferðinni en einnig minnstu ofbirtu fyrir öikumenn. Sveitarfélagið stefnir í framhaldinu að því að bæta umferðaröryggi víðar í bæjarfélaginu með sambærilegum hætti, með áherslu á umferðaröryggi barna, og er þá aðallega verið að horfa sem næsta skref að bæta umferðaröryggi á a.m.k. þremur stöðum á Aðalgötu í samstarfi við Vegagerðina.

Bæjarráð samþykkti, á 5. fundi sínum, tillögu bæjarstjóra. Afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn

26. 2211026 - Stofnun Safnaklasa Vesturlands

Lagt fram minnisblað Sigursteins Sigurðssonar, menningar- og velferðarfulltrú SSV, vegna stofnunar Safnaklasa Vesturlands ásamt tengdum gögnum. En krafa um aukið samstarf safna kemur víða fram í opinberum stefnum og áætlunum.

Á 1. fundi safna- og menningarmálanefndar teldi nefndin mikilvægt að ná samstöðu um þessi mál á Vesturlandi og tók jákvætt í erindið. Safna- og menningarmálanefnd lagði jafnframt áherslu á að kynna þurfi málið vel fyrir bæjarstjórnnum og forstöðumönnum safna á Vesturlandi.

Bæjarráð tók, á 5. fundi sínum, undir umsögn safna- og menningarmálanefndar og samþykkir aðkomu sveitarfélagsins að verkefninu. Afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar.

27. 2211013 - Stefnumótun í sjávarútvegi (sjávarútvegsstefna)

Lögð fram greinargerð um stöðu vinnu við gerð sjávarútvegsstefnu sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda í október 2022 (mál nr. 201/2022) þar sem matvælaráðuneytið gefur í gegnum samráðsgátt stjórnvalda áhugasömum kost á að koma á framfæri hugmyndum og athugasemdum sem nýst geta við stefnumótun í sjávarútvegi, ásamt greinargerð sem lýsir áherslum og fyrirhuguðu verklagi matvælaráðherra við stefnumótun á sviði matvæla og lögð var fram í samráðsgátt stjórnvalda í vor (mál nr. 49/2022) og umsögn fyrirtækja í Stykkishólmi um það mál.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd lagði, á 2. fundi sínum, áherslu á að handhafar skelbóta fái í stað bótanna varanlega aflahlutdeild, enda verði hún bundin við þá staði við Breiðafjörð þar sem veiðarnar fóru fram á sínum tíma, í samræmi við tillögu 3.1.6. í niðurstöðu starfshóps um eflingu atvinnulífs í Stykkishólmi, dags. 17. mars 2022.

Bæjarráð tók, á 5. fundi sínum, undir og staðfesti afgreiðslu atvinnu- og nýsköpunarnefndar með þó með þeirri breytingu að framsalsréttur verði heimilaður innan svæðisins. Afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar.

28. 2202013 - Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn sandkola og hryggleysingja)

Lagt fram bréf stjórnar Bátafélagsins Ægis til matvælaráðuneytisins, dags. 7. nóvember 2022.

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd tók, á 2. fundi sínum, undir sjónarmið Bátafélagsins Ægis sem fram koma í framlögðu bréfi til matvælaráðuneytis og hvatti bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar að fylgja bréfinu eftir gagnvart matvælaráðherra og þingmönnum kjördæmisins.

Bæjarráð tók undir og staðfesti afgreiðslu atvinnu- og nýsköpunarnefndar. Afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar.

29. 2210003 - Hólar 5 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Lögð fram umsókn Hannesar Páls Þórðarsonar um leyfi fyrir 43 m² frístundarhúsi ásamt 30,6 m² gróðurhúsi á Hólum 5a samkvæmt aðaluppdráttum frá Helga Guðjóni Bragasyni dagsettum 13.03.2022, ásamt afgreiðslu skipulagsnefndar vegna málsins sem bæjarráð samþykkti á 5. fundi sínum.

Í samræmi við afgreiðslu bæjarráðs er afgreiðsla skipulagsnefndar lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

30. 2209016 - Hraunháls - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Lögð fram umsókn Jóhannesar Eybergs Ragnarssonar um leyfi fyrir frístundarhúsi í landi Hraunháls skv. aðaluppdráttum frá Emil Þór Guðmundssyni, dags. 20.06.2022, ásamt afgreiðslu skipulagsnefndar vegna málsins sem bæjarráð samþykkti á 5. fundi sínum.

Í samræmi við afgreiðslu bæjarráðs er afgreiðsla skipulagsnefndar lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

31. 1510008 - Deiliskipulag Skipavíkursvæðis

Lögð er fram til afgreiðslu tillaga skipulagsfulltrúa um að hefja gerð nýs deiliskipulags fyrir hafnarsvæðið við Skipavík.

Skipulagsnefnd samþykkti samhljóða, á 4. fundi sínum, að svæði, sem skilgreint er í Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 sem hafnarsvæði við Skipavík, verði deiliskipulagt og eftir atvikum gerðar samhliða breytingar á aðalskipulagi. Vinna og verklag verði í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Skipulagsnefnd fól skipulagsfulltrúa að vinna drög að skipulagslýsingu í samræmi við framangreint.

Bæjarráð staðfesti afgreiðslu skipulagsnefndar á 5. fundi sínum. Í samræmi við afgreiðslu bæjarráðs er afgreiðsla skipulagsnefndar lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

32. 2209013 - Ungmennaráð

Lagt fram uppfært erindisbréf ungmennaráðs. Bæjarráð samþykkti, á 5. fundi sínum, fyrirliggjandi erindisbréf og samþykkti að ráðið geti hafð störf. Afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar.

33. 2205039 - Kjör nefnda í samræmi við samþykktir sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar

Fyrir liggur að kjósa þarf nýja fulltrúa í skipulagsnefnd og kjörstjórn.

34. 2206040 - Endurskoðun aðalskipulags

Lögð fram fyrirspurn um áform um endurskoðun aðalskipulags og gerð eða endurskoðun svæðisskipulags frá Skipulagsstofnun. Einnig er lögð fram afgreiðsla skipulagsnefndar vegna málsins frá 1. fundi þar sem nefndin leggur til við bæjarstjórn að hafin verði vinna við endurskoðun aðalskipulags hins sameinaða sveitarfélags og feli skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.

Þá er lögð fram umsókn sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar til Skipulagsstofnunar um að hefja endurskoðun á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 og Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 í eitt aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags.

Stefnt er að því að hefja vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins á árinu 2023.

Bæjarráð samþykkti, á 5. fundi sínum, tillögu skipulagsnefndar og fyrirbyggjandi áform um endurskoðun aðalskipulags með fyrirvara um kostnaðarþáttöku úr Skipulagssjóði á árinu 2023. Afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar.

35. 2211035 - Viðauki 4 við fjárhagsáætlun 2022-2025

Lagður fram viðauki 4 við fjárhagsáætlun 2022-2025. Bæjarráð samþykkti, á 5. fundi sínum, viðauka 4 og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja hann.

36. 2211036 - Viðauki 5 við Fjárhagsáætlun 2022-2025

Lagður fram viðauki 5 við fjárhagsáætlun 2022-2025. Bæjarráð samþykkti, á 5. fundi sínum, viðauka 5 og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja hann.

37. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra.

22.11.2022

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.